# Sæmundur Bergmann Elimundarson

Bjarni Benediktsson – Sæmundur Bergmann Elimundarson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 8

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Efstasund 28 Rvk 14/1. '46.

Herra borgarstjóri Bjarni Benediktsson!

Mér hefur komið til hugar að skrifa yður nokkrar línur og vona ég að þér skiljið tilgang þeirra. Ég vil biðja yður að hjálpa mér til þess, að ég geti fengið einhverja fasta vinnu hjá fyrirtækji sem bærinn rekur. Hefi ég einkum augastað á afgreiðslu eð innheimtustarfi eða raunar hverju því starfi sem ekki krefst strangrar sérþekkingar.

Persónuleg kynni af mér vil ég segja yður með eftirfarandi. Ég er þrjátíu ára gamall og er giftur. Hefi ávalt verið reglumaður og á að baki tveggja vetra nám á Héraðsskóla auk barnalærdóms. Mig langar til þess, að segja yður nánar af högum mínum og vona að þér takið það sem persónulegan trúnað.

Þegar ég var 20 ára kom ég haust eitt til Rvk. og gekk á milli flestra húsgagnasmíðameistara hér í bæ og bað þá að kenna mér iðn sína, því ég hafði sterka löngun til að læra þá iðn. Enginn þóttist

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

geta batt mér við námssveinafjölda
sinn, alstaðar var talið fullskipað.
Eftir að hafa prammað um götur bæjar
inns í mánuð fór ég heim hryggur og
vonsvikinn með hrundnar skýjaborgir.
Vorið 1941. kom ég aftur þá giftur með
ársgamlann dreng, félaus með öllu.
Nú eygði ég möguleika meiri en í
fyrra sinnið, nú var líka næg vinna
Ég sótti um lóð og fékk hana.
Ég byrjaði á að byggja mér einbýlishús.
og vann við það á hvíldartímum mín-
um. Enga vinnu gat ég keypt, ég gat
heldur ekki fengið neitt það lán er
samrýmst gat við tekjur mínar og
kringumstæður. Það tók mig því tvö"
ár að byggja húsið á þennan hátt,
helming þess tíma varð ég að búa í
húsinu hálfsmíðuðu því hvíldartími
minn entist ekki betur þó ég reyndi að
nota hann til hins ýtrasta. En þetta
tókst og nú bý ég í góðu húsi, sem
er mitt handarverk nær eingöngu.
En það var erfitt, mjög erfitt.
Á meðan húsið var enn hálfsmíðað
og illa upphitað veiktist stúlkubarn
sem ég átti, hún fékk heiftuga lungna
bólgu og andaðist. Nokkrum mánuðum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

síðar veiktist annað stúlkubarn sem við áttum, það dó einnig og nú í sumar mistum við síðasta barnið fimm ára dreng hraustann og efnilegann það var ekið yfir hann. Það var mikil raun, þung lamandi sorg. Ég hélt um tíma að starfsvilji minn myndi ekki þola öll þessi áföll, ég fór að halda að hugur minn myndi fyllast af hatri. Það kom í huga minn að ég hefði ástæðu til þess, að hata bæjarfélag það er ég bjó í og alla þá þjóðfélagshætti er buðu mér svo harða kosti í hvívetna. — En ég á foreldra sem ólu börn sín í anda Krists og að heiman er veganestið mitt, það veganesti sem <u>enn</u> hefur fleytt mér yfir grynningarnar.

Ég mun ekki orðlengja bréf mitt frekar, en vænti þess. að þér athugið þessa beiðni mína um starf mér til atvinnulegs öryggis. Ef þér vilduð sína mér þá velvild að svara þessu bréfi mínu áður en langt líður þætti mér vænt um það.

Virðingarfylst

Sæmundur Bergm. Elimundarson
Efstasund 28.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur